

Umhverfisstofnun
Áb. _____
20. júní 2016
Tilv. _____

Íslenska kalkpörungafélagið ehf  
Hafnarteigi 4  
465 Bíldudalur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 20. júní 2016  
UST201511-031/E.D.K.  
08.08.02

### Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 5.apríl sl. þar sem áformað var að áminna Íslenska Kalkpörungafélagið ehf., vegna þriggja frávika sem skráð eru í eftirlitsskýrslu um eftirlitsheimsókn sem fór fram 27. maí 2015. Síðan þá hefur verið bætt úr einu fráviki varðandi gruggmengunar frá setlóni en unnið er að dælingu sets upp úr lóninu. Unnið er eftir leyfi Umhverfisstofnunar um varp í hafið frá 12. október 2015 en þar er heimilað að varpa í hafið 900m<sup>3</sup> af finefnum sem safnast hafa í lón Kalkpörungarverksmiðjunnar, á losunarstað í norðanverðum Arnarfirði með þeim skilyrðum að stofnuninni verði tilkynnt um upphaf og lok dýpkunar og að haldin verði verkskrá um stað- og tímasetningu varps og magn efnis sem varpað er hverju sinni. Skal þessum upplýsingum skilað til stofnunarinnar innan mánaðar frá verklokum.

Þau frávik sem eftir standa varða, að afsog skal vera frá ryk uppsprettum en einungis er afsog frá nýja þurrkaranum og að ekki eru tilgreindar fleiri framleiðsluafurðir í starfsleyfi en kalk. Í verksmiðjunni er einnig framleitt fóður og sandur til útflutnings. Í úrbótaáætlun rekstraraðila frá 2. desember 2015 kemur fram að frá og með byrjun febrúar 2016 verði framkvæmdum við uppsetningu á nýjum og uppfærðum vothreinsibúnaði lokið og verða þá gerðar mælingar á öllum útblástursstöðum verksmiðjunnar. Niðurstöður þessa mælinga hafa ekki borist eftirlitsaðila né staðfesting á því að þessum framkvæmdum sé lokið. Í sömu úrbótaáætlun kemur fram að rekstraraðili ætlaði að senda inn tilkynningu um breytingu á rekstri sbr. gr. 1.4 í starfsleyfi í janúar sl. en þessi tilkynning hefur ekki borist stofnuninni.

**Umhverfisstofnun veitir Íslenska Kalkpörungafélaginu ehf. áminningu, sbr. 26. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, vegna frávika sem varða að afsog er ekki frá öllum ryk uppsprettum skv. gr. 2.1 í starfsleyfi og að framleiddar eru fleiri afurðir í verksmiðjunni heldur en heimild er fyrir í gr. 1.2 í starfsleyfi. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til að senda inn staðfestingu á úrbótum til og með 11. júlí 2016.**

Sinni rekstraraðili ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. 27. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þær aðgerðir yrðu þó áformaðar sérstaklega og boðið upp á andmælafrest.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 31. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kærán borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að


ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni frávíka sbr. þetta bréf og bréf dagsett 6. apríl 2016 verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 og er kr. 66.000.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Evu Dögg Kristjánsdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á [eva.kristjansdottir@ust.is](mailto:eva.kristjansdottir@ust.is).

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

Virðingarfyllt

  
Sigrún Agústs dóttir  
sviðsstjóri

  
Eva Dögg Kristjáns dóttir  
sérfræðingur